

Gerði G. Óskarsdóttur

Ytra mat á skólaþjónustu Árneshings

Greinargerð

til stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs (NOS)

c/o Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Október 2015

Efnisyfirlit

I. Inngangur

II. Framkvæmd

1. Viðtöl
2. Fyrirliggjandi gögn

III. Niðurstöður

1. Skólaþjónustan – yfirstjórn, viðhorf og framkvæmd
 - a) Tvískipt yfirstjórn
 - b) Almenn viðhorf til skólaþjónustunnar
 - c) Beiðnir skóla um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu og nýting ráðgjafar
 - d) Fundir og námskeið, samstarf skóla á svæðinu
2. Sameiginleg markmið skólanna
 - a) Jákvæði sjálfsmynd, vellíðan og heilbrigði
 - b) Samfella milli skólastiga
 - c) Lestur
 - d) Einstaklingsmiðað nám og nýting tölvutækninnar

IV. Samantekt og tillögur

1. Yfirstjórn skólaþjónustu
2. Starfshættir skólaþjónustu
3. Markmið um líðan og heilbrigði
4. Markmið um samfella milli skólastiga
5. Markmið um lestur
6. Markmið um einstaklingsmiðað nám og nýtingu tölvutækninnar

Lokaorð

Fylgiskjal: Lýsing á einstaklingsmiðuðu námi (2014) og vísun í *Matstæki um einstaklingsmiðað nám* (2005)

I. Inngangur

Á fundi sínum 24. júní 2015 samþykkti stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs (áður kölluð „Nefnd oddvita og sveitarstjóra í Árnesþingi“, í daglegu tali gjarnan nefnd NOS) að standa fyrir úttekt á starfsemi Skólaþjónustu Árnesþings nú einu og hálfu ári eftir stofnun hennar. Skólaþjónustan er hluti af Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Rekstraraðilar eru sjö sveitarfélög, þ.e. Ölfus, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur.

Undirrituð tók að sér að vinna ytra mat á skipulagi og framkvæmd skólaþjónustunnar og vera nefndinni til ráðgjafar í kjölfarið. Þjónustan er við alla 15 skóla í Árnesþingi, sjö leikskóla, sex grunnskóla og tvo leik- og grunnskóla, en þeir eru: Bláskógaskóli-Reykholti, Bláskógaskóli-Laugarvatni, Álfaborg; Krakkaborg, Flóaskóli; Kerhólsskóli; Undraland Flúðum, Flúðaskóli; Óskaland, Undraland Hveragerði, Grunnskóli Hveragerðis; Leikholt, Þjórsárskóli; Bergheimar, Grunnskólinn í Þorlákshöfn. Nemendur skólanna eru alls um 1.350 og starfsmenn skólann um 300.

Samningur um matið var undirritaður þann 21. september 2015 af formanni NOS, Aldísi Hafsteinsdóttur, og Gerði G. Óskarsdóttur.

Í samningnum segir að markmiðið sé að meta og draga upp mynd af því hvernig miðað hefur að ná þeim markmiðum sem sett voru við upphaf skólaþjónustunnar. Við matið var tekið mið af:

- a) markmiðum um skólastarf í Árnesþingi til ársins 2017 sem samþykkt voru í byrjun árs 2014;
- b) markmiðum skólaþjónustunnar eins og þau birtast á heimasíðu hennar;
- c) viðtölum við skólastjórnendur og starfsmenn skólaþjónustu og margvíslegum gögnum frá skólaþjónustunni.

Við stofnun skólaþjónustunnar var áhersla lögð á að starfsmenn skólanna og skólaþjónustunnar störfuðu samkvæmt markmiðum sem sett voru fyrir alla skólana á svæðinu í byrjun árs 2014. Þau fjölluðu um líðan, samfellu milli skólastiga, lestur og einstaklingsmiðað nám. Fáum skýrum markmiðum er ætlað að gera skólastarfið markvissara og koma í veg fyrir að starfið flæði stefnulítið í ólíkar áttir. Með því að stefna á fá markmið í einu er fremur að vænta að árangur náist. Þekkt er að gjarnan eru sett slík markmið en í önn dagsins vilja þau gleymast. Með þessu ytra mati er m.a. verið að minna á markmiðin og tryggja að þau séu leiðarljós í starfi skólanna og skólaþjónustunnar eins og áætlað var, skólastarfinu til farsældar.

Jafnframt var við stofnun skólaþjónustunnar lögð áhersla á sjálfbærni skólanna til að leysa úr málum sínum á vettvangi og snemmtæka íhlutun. Því var lagt upp með þann ásetning að hlutverk skólaþjónustunnar væri fyrst og fremst að styðja skólana til sem mestrar sjálfbærni. Hún tæki því ekki að sér að leysa mál fyrir skólana heldur legði áherslu á stuðning við lausn innan skóla. Með áherslu á snemmtæka íhlutun var stefnt að því að taka á vanda í námi sem fyrst þegar hans verður vart og vinna markvisst gegn því að til verði biðlistar um ráðgjöf eða sálfræðiaðstoð. Matið beinist því einnig að þessum þáttum í starfinu.

Starfsmenn skólaþjónustunnar hafa nú fast aðsetur í Hveragerði en eru mikið á ferðinni milli skólanna og halda öll námskeið og fundi með skólafólki úti í skólunum.

Hér verður lýst framkvæmd matsins, niðurstöðum þess og í lokin eru helstu niðurstöður dregnar saman og settar fram tillögur.

II. Framkvæmd matsins

Þetta ytra mat á Skólaþjónustu Árneshöfna byggist á viðtölum og fyrirbyggjandi gögnum.

1. Viðtöl

- a) Fundur með formanni NOS um verkið fór fram í byrjun september þar sem gert var samkomulag um framkvæmd þess.
- b) S.hl. september átti ég síðan þrjá fundi með forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu um verklag, stjórn þjónustunnar o.fl., báðum kennsluráðgjöfum þjónustunnar um verklag og framkvæmd markmiða þjónustunnar og skólanna og sálfræðingi um verklag sálfræðiþjónustu. Í umræðum um verklag var m.a. fjallað um verkferla, málaskrá, skimunarferli aðsendra mála, störf nemendaverndarráða, skólamál vs. einstaklingsmál og biðlista.
- c) Viðtöl við skólastjóra allra leik- og grunnskólanna fóru fram 28. september til 1. október 2015, alls 15 viðtöl (af 15 skólastjórnendum voru sex nýir í starfi). Þau stóðu hvert um sig í allt að eina klukkustund. Í bréfi til skólastjóranna var kynnt mat á skólaþjónustu og framkvæmd markmiða. Sett var fram áætlun um tímasetningar sem stjórnendurnir voru beðnir að taka afstöðu til.

Í viðtölunum var lögð áhersla á reynslu skólastjórnenda af skólaþjónustunni og þróunarstarf innan skólanna til að nálgast sett markmið. Viðtölin skiptust í fjóra meginþætti: Spurt var almennt um skólaþjónustuna, hverju hún hefði áorkað, jákvæðar og neikvæðar hliðar og staðsetningu hennar. Þá var sjónum beint að fundum og námskeiðum á vegum skólaþjónustunnar, þátttöku í þeim og gagnsemi, svo og samstarfi skólanna á svæðinu. Spurt var um meðferð og vinnslu beiðna skóla um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu og nýtingu ráðgjafar. Loks var rætt um markmiðin fjögur og vinnu við að ná þeim.

- d) Þegar drög að þessari skýrslu lágu fyrir átti ég fund með starfsmönnum skólaþjónustunnar til að fylla inni í upplýsingarnar.

2. Fyrirbyggjandi gögn

Rýnt var í fyrirbyggjandi gögn um skipulag og framkvæmd. Þau voru þessi:

a) Samþykktir, erindisbréf og starfslýsingar

- Samþykkt fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna bs (byggðasamlag)
- Erindisbréf stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna bs (NOS)
- Erindisbréf skólaþjónustu- og velferðarnefndar
- Starfslýsing forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna bs
- Starfslýsingar ráðgjafa og sálfræðinga (úr auglýsingu um störf þeirra)

b) Lýsingar á verkferlum, dæmi um leiðsögn, yfirlit yfir námskeið o.fl.

- Tvö dæmi um greiðargerð ráðgjafa til skóla í kjölfar beiðni um ráðgjöf og vinnu með skólanum að viðkomandi máli (trúnaðarmál, án nafns skóla)
- Vinnuferli tilvísana til sálfræðings og glærusýning um heildræna kennsluráðgjöf
- Ýmiss konar hagnýtt efni til skóla
- Yfirlit yfir námskeið og fræðslufundi

c) Niðurstöður kannana

- Niðurstöður úr HLJÓM-2 meðal 5 ára barna (kannar hljóðkerfisvitund)
- Niðurstöður úr PISA um stærðfræðilæsi, lesskilning og náttúrufræðilæsi í fjórum stærstu skólunum í Árneshöfna (ekki birt úr litlum skólum)
- Niðurstöður um lesskilning úr samræmdum prófum í 10. bekk í fimm skólum 2010-2014.
- Niðurstöður úr könnun um framgang sameiginlegra markmiða skóla og skólaþjónustu vorið 2015.

III. Niðurstöður matsins

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum matsins. Þær skiptast í tvo meginþætti.

Fyrst verður fjallað um skólaþjónustuna, yfirstjórn hennar, viðhorf skólastjórnenda til starfseminnar og framkvæmd þjónustunnar.

Síðan verður gerð grein fyrir stöðu sameiginlegu markmiðanna fjögurra og byggt á ferns konar efni, þ.e. inntaki námskeiða um efni viðkomandi markmiðs, könnun meðal skólastjóra um framgang markmiðanna frá vori 2015 og viðtölum við skólastjórnendur. Í umfjöllum um markmið um líðan og lestur er einnig vísað í niðurstöður úr könnun meðal nemenda og niðurstöður skimana.

1. Skólaþjónustan – yfirstjórn, viðhorf og framkvæmd

a) Tvískipt yfirstjórn

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs (NOS) er skipuð oddvitum/ sveitarstjórum þeirra sjö sveitarfélaga sem að þjónustunni standa. Samkvæmt erindisbréfi frá 2015 ber hún ábyrgð á rekstri þjónustunnar, gerir fjárhagsáætlun, ræður stafsmenn að þjónustunni og skipar aðila í skólaþjónustu- og velferðarnefnd.

Í erindisbréfi **skólaþjónustu- og velferðarnefndar** er hlutverk hennar skilgreint í 12 liðum í 7. gr. Þeir snúa flestir að stefnumörkun og eftirliti. Í sjöunda punkti segir að nefndin geri tillögur til sveitarstjórna um áherslur í starfinu og í 11. punkti segir að nefndin sé NOS til ráðuneytis (tillögur um stefnumörkun). Segja má að punktar frá eitt til sex séu einnig stefnumarkandi um starfið. Í síðari hluta sjöunda punkts og í níunda punkti er fjallað um eftirlits- og matshlutverk nefndarinnar. Í 8. gr. sem fjallar um verkefni nefndarinnar á sviði skólamála er stefnumörkunar- og eftirlitshlutverkið tífundað nánar („móta tillögur“, „sinna eftirfylgd“).

Forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu er starfsmaður skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Nefndin fundar á sex til átta vikna fresti.

Í **samþykkt fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs** er henni lýst sem byggðasamlagi sem sjö sveitarfélög reka sameiginlega. Um hlutverk þjónustunnar er vísað til erindisbréfs stjórnar, fagnefndarinnar og starfslýsingar forstöðumanns. Lýst er stjórn samlagsins (NOS) og verkefnum hennar (fjármál, ráðningar, skipan skólaþjónustu- og velferðarnefndar). Þar segir að hlutverk skólaþjónustu- og velferðarnefndar sé að fara „með stjórn og framkvæmd sérfræðiþjónustu“ – þarna er áherslan á stjórn og framkvæmd en ekki stefnumörkun og eftirlit.

Hlutverk **skólanefnda í einstökum sveitarfélögum** bar á góma í viðtölum við skóla- stjórnendur. Nokkrir nefndu að ekki lægi nógu ljóst fyrir hvert væri hlutverk þeirra. Stundum væri eins og þær væru ekki klárar á verksviði sínu. Einnig kom fram að þær þekktu e.t.v. ekki verklag og verkefni skólaþjónustunnar.

MAT: Við lestur erindisbréfs skólaþjónustu- og velferðarnefndar og tilvísana í verkefni hennar í samþykkt fyrir þjónustuna virðist ekki liggja alveg ljóst fyrir hvert meginhlutverk nefndarinnar er, t.d. hvað varðar áhrif á starfsemi þjónustunnar. Í viðtölum kom fram óöryggi hvað þetta varðar. Þannig getur verið að ekki liggi alltaf ljóst fyrir hvaðan tillögur um stefnumörkun eigi að koma og hvar eftirlitshlutverkið liggur.

Svo var að sjá að einhverjar skólanefndir sveitarfélaga væru ekki alveg með hlutverk sitt á hreinu sem getur skapað togstreitu milli nefndar og skóla.

Sjá tillögur 1.a. og 1.b., bls. 14-15.

b) Almenn viðhorf til skólaþjónustunnar

Í upphafi viðtals við skólastjórendur var spurt um viðhorf til skólaþjónustunnar. Svör viðmælenda voru almennt á einn veg. Lýst var yfir mikilli ánægju með þjónustuna og var ekki að heyra mun á milli leikskóla- og grunnskólastigs í þeim efnum. „Þetta hefur tekist rosalega vel, ... heppin að ráða þetta fólk,“ sagði ein. Talað var um markviss og skilvirk vinnubrögð, gott aðgengi að þjónustunni og skjót viðbrögð við beiðnum um aðstoð. Kostir þjónustunnar voru einnig taldir að vinnan væri markviss og leiðsögn og greinargerðir faglega unnar. Þetta átti bæði við um kennsluráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Ánægju var lýst yfir þau vinnubrögð að ráðgjafar skoðuðu og ynnu í málum áður en til sálfræðigreiningar kæmi. Helstu ókostir voru taldir bið eftir sálfræðigreiningum, sem nær allir nefndu, en jafnframt ánægja með að við því hefði verið brugðist með ráðningu annars sálfræðings. Nokkrir sögðust ánægðir með að ráðgjafar kæmu stundum að eigin frumkvæði og þeir höfðu sl. haust heimsótt nýja skólastjóra sérstaklega. Aðspurðir um staðsetningu þjónustunnar í Hveragerði svöruðu langflestir því til að hún skipti engu máli, ráðgjarnir væru „svo liprir að fara um svæðið.“ Á einum stað var þó varað við að byggja upp bákn í Hveragerði.

Almenn ánægja var með störf talmeynafræðings á vegum skólaþjónustunnar sem fer á milli skóla á ákveðnum svæðum. Nefnt var á einum stað að hann fengist fyrst og fremst við greiningar en þjálfun mætti skipa hærrí sess í starfi hans. Bent er á það er ekki hlutverk skólaþjónustunnar að sinna talþjálfun. Slíka þjónustu þarf að kaupa að (greitt af ríkinu ef ákveðin viðmið eru uppfyllt).

MAT: Ekki verður annað séð en skólaþjónustunni hafi tekist að vinna eftir þeim markmiðum sem hún hefur sett sér um að styrkja og styðja faglega við starf skólanna (sjá nánar um markmið skólaþjónustunnar á heimasíðu hennar) og ekki annað að sjá en að hún hafi mætt væntingum úti í skólunum.

c) Beiðnir skóla um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu og nýting ráðgjafar

Fram kom í viðtölum við ráðgjafa (einnig á glærum frá þeim) að ferli við ráðgjöf fælist í eftirfarandi: Samtal við kennara og/eða stjórnanda; samtal við foreldra; athugun í bekk/deild; viðtöl við nemendur, ef við á; niðurstöður greininga skoðaðar, ef við á; uppbyggingasamtöl við kennara; kennsluumhverfi skoðað með kennara/starfsmönnum með hliðsjón af mögulegum breytingum; greinargerð kennsluráðgjafa til kennara og skólastjóra; eftirfylgd. Forvinna kennsluráðgjafa og leiðbeiningar til skóla um aðgerðir hefur að einhverju marki dregið úr beiðnum um sálfræðigreiningar (sbr. markmið um sjálfbærni skólanna og snemmtæka íhlutun). Í skólunum starfa teymi um málefni hvers barns sem fær sérstuðning (alls eru allt að 100 slík teymi í skólunum 15). Fulltrúi skólaþjónustu starfar með mörgum þessara teyma. Ljóst var að skólastjórnendurnir þekktu vel ferlið í kjölfar óskar um ráðgjöf eða sálfræðiþjónustu.

Þær tvær greinargerðir ráðgjafa sem ég fékk að skoða voru mjög vandaðar og skilmerkilegar. Skólastjóri og deildarstjóri sérkennslu höfðu í þessum tilfellum óskaði eftir ráðgjöfinni. Fram kom í báðum tilfellum að ráðgjafi hafði heimsótt skólann nokkrum sinnum, komið með munnlega ráðgjöf til starfsfólks og í öðru tilvikinu unnið yfirlit til skólastjóra. Í greinargerðunum eru gerðar ítarlegar tillögur m.a. um skipulag í stofu, einstaka þætti starfsins, samskipti og samstarf við foreldra. Fram kom að sumar þeirra höfðu þegar komið til framkvæmda.

Svo virðist sem nokkur misbrestur sé á að kennarar fari eftir kennsluráðgjöf og greiningum sálfræðinga. Einn viðmælenda sagði t.d. að kennarar sem væru faglegir í vinnubrögðum nýttu sér ráðgjöfina vel, en stundum væri misbrestur þar á. Þetta kom einnig fram í máli starfsmanna skólaþjónustu.

MAT: Ferlar um ósk eftir ráðgjöf og úrvinnsla beiðna virðast virka vel og vera í takt við það sem skólafólkið væntir. Skortur virðist aftur á móti á að alltaf sé farið eftir ráðgjöf og greiningum sálfræðings eða ráðgjöf kennsluráðgjafa.

Sjá tillögur 2.a. og 2.b., bls. 15.

d) Fundir og námskeið, samstarf skóla á svæðinu

Starfsmenn skólaþjónustunnar hafa staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum og fundum, bæði fyrir stjórnendur og kennara. Þeir sögðust hafa lagt sig fram um að halda námskeið og fundi til skiptis í skólunum til að akstur dreifist sem mest. Þátttaka var almennt sögð hafa verið góð og á flest námskeið hafi komið þátttakendur frá öllum skólunum.

Hér verður fjallað um námskeið fyrsta eina og hálfu árið í starfi þjónustunnar. En um 10 námskeið hafa til viðbótar verið skipulögð nú á haustönn 2015 frá 15. september til 1. desember.

Við undirbúning skólaþjónustunnar var lögð áhersla á að sérstaklega yrði vandað til námskeiða fyrir skólastjórnendur um sem flesta þætti í starfi þeirra. Í viðtölum við skólastjórnendur kom fram mjög mikil ánægja með þau stjórnendanámskeið sem haldin hafa verið, einkum þótti gagnlegt námskeið þar sem sveitarstjórnarmenn og/eða skrifstofustjórar voru þátttakendur með skólastjórnendum (markþjálfun). Það „reyndist gríðarlega vel,“ sagði einn viðmælandi. Jafnframt var mikil ánægja almennt með að stjórnendur leik- og grunnskóla hefðu verið saman á námskeiðum (sjá töflu 1).

Tafla 1. Námskeið um stjórnun

<i>Efni námskeiða</i>	<i>Þátttaka leiksk.stig</i>	<i>Þátttaka grsk.stig</i>	<i>Þátttaka alls</i>
Stundatöflugerð		X	Liggur ekki fyrir ¹
Mannauðsmál - stjórnandinn	X	X	14+
Mannauðsmál - Hópurinn	X	X	Liggur ekki fyrir
Markþjálfun (4 skipti)	X	X	Nær allir stjórnendur
Skólaþing H-2014 – um 14 málstofur	X	X	Um 300 manns

Skólaþingið var haldið haustið 2014 þar sem allir starfsmenn leik- og grunnskóla komu saman. Haldnir voru fyrirlestrar og málstofur um ýmis mál sem voru í höndum starfsmanna skólanna. Fram kom mikil ánægja með það.

Gerð verður grein fyrir námskeiðum fyrir kennara í tengslum við meginmarkmiðin fjögur hér á eftir, en í viðtölum við skólastjóra voru kennarar sagðir almennt ánægðir með námskeið sem þeir hafa sótt á vegum skólaþjónustunnar. Nokkrir kvörtuðu yfir að of oft félli auglýst námskeið niður vegna lítillar þátttöku, því ætti e.t.v. að auglýsa færri námskeið. Einnig höfðu námskeið fallið niður vegna veðurs.

Ánægja var með námskeið sem kennarar á svæðinu sáu um í sínum greinum og útikennslu. „Frábært að nýta þannig mannauðinn á svæðinu,“ sagði einn viðmælandi. Kallað var eftir námskeiðum fyrir list- og verkgreinakennara, íþróttakennara og ófaglært fólk (eitt slíkt námskeið hafði fallið niður vegna þátttökuleysis). Leikskólastjóri sagði að erfitt væri að fara frá á námskeið á þeim tíma sem aðlögun fer fram í leikskóla (í ágúst).

Mikil ánægja var með reglubundna **skólastjórafundi** hjá öllum viðmælendum. Sumir vildu að stundum væru leik- og grunnskólastjórar saman á slíkum fundum, t.d. á þriðja hverjum fundi eða saman á f.hl. fundar og skiptir á s.hl. „Gott að heyra hvernig aðrir gera hlutina,“ sagði einn. Verra þótti þegar þessir fundir væru bara upplýsingamiðlun. Fram kom tillaga um

¹ Þátttaka á einstökum námskeiðum var ekki skráð reglulega.

að menn læsu eitthvað efni fyrir fundi og ræddu síðan til að tryggja að fram færi fagleg umræða.

Almennt voru sameiginleg námskeið og sameiginlegir fundir skólastjórnenda sagðir auka til muna tengsl og samstarf skólanna á svæðinu. Sagt var frá samstarfi skóla um einstök verkefni, s.s. um valgreinar á unglíngastigi.

MAT: Greinlega hefur verið staðið vel að námskeiðum fyrir skólastjórnendur og þau verið í samræmi við það sem áætlað var í upphafi. Sama á við um fundi skólastjóra, þ.e. leikskólastjóra annars vegar og skólastjóra grunnskóla hins vegar. Tekið er undir varnaðarorð um að fundirnir séu aðeins upplýsingamiðlun og fremur lögð áhersla á faglega umræðu. Skólapingið 2014 var greinilega vel heppnað.

Sjá tillögur 2.c. og 2.d., bls. 15.

2. Sameiginleg markmið skólanna

Fjögur sameiginleg markmið fyrir skólana á svæðinu og skólaþjónustuna til ársins 2017 voru sett í byrjun árs 2014 á fundum skólastjórnenda, sveitarstjórnarmanna og fulltrúa í skólanefndum. Þau eru birt á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.² Hvert markmið er skilgreint, markaðar leiðir til að ná því og ábyrgð skólaþjónustu, stjórnenda skóla, foreldra og sveitarfélaga tiltekin. Loks er tekið fram hvernig skuli meta framgang þeirra.

Í inngangi að markmiðunum segir m.a. að verkefnið verði reglulega metið og farið yfir framvindu þess, til dæmis með rafrænum könnunum skólaþjónustu, viðtölum og vettvangsathugunum. Ábyrgð skólaþjónustu snýr að námskeiðahaldi um efni markmiðanna og mati á framgangi, t.d. með spurningakönnunum og skimunum. Það ytra mat sem hér er kynnt er liður í þessu reglubundna mati.

Gerð var könnun á vegum skólaþjónustunnar meðal skólastjórnenda í maí 2015 um framkvæmd markmiðanna og skýrsla með niðurstöðum send skólastjórnendum og fleirum. Þar kom m.a. fram að 93% skólastjórnenda töldu sig þekkja markmiðin mjög vel eða nokkuð vel. Þeir töldu 64% starfsmanna þekkja þau mjög vel eða nokkuð vel. Þannig þekktu 36% starfsmanna markmiðin sæmilega eða illa. Í skýrslu um niðurstöður er hvatt til þess að markmiðin verði kynnt enn frekar á starfsmannafundum, í gegnum Facebook og á skipulögðum fundum á vegum skólanna og skólaþjónustu. Hér má bæta við kynningum fyrir nýja skólastjóra, en fram kom að þeir nýju skólastjórar sem hófu störf nú í haust þekktu markmiðin síður en hinir.

Hér verður staða hvers markmiðs metin með tilvísun í fjögur meginviðmið, þ.e. námskeiðahald til að styðja við viðkomandi markmið og annan stuðning skólaþjónustu, niðurstöður skimana, ef við á, niðurstöður könnunar frá í vor meðal skólastjóra og frásagnir skólastjórnenda í viðtölum.

a) JÁKVÆÐ SJÁLFSMYND, VELLÍÐAN OG HEILBRIGÐI

Markmið 2017: Sjálfsmynd nemenda og félagsþroski hefur styrkst með markvissum aðgerðum og forvarnastarfi. Átt er við uppbyggingu og forvarnastarf sem tekur mið af að vellíðan, andleg og líkamleg, sé forsenda fyrir öllu námi.

Hlutur skólaþjónustunnar vegna þessa markmiðs felst í námskeiðahaldi, stuðningi við skóla og fyrirlögn skimana.

² Sjá http://www.arnesthing.is/skolathjonusta/um_skolathjonustuna/sameiginleg_markmid_skolanna/

Þrjú námskeið voru haldin skólaárið 2014-2015 sem flokkast undir þetta markmið. Þau fjölluðu um íþróttir, uppeldi til ábyrgðar og kvíða og má segja að þau hafi snert heilsueflingu, sjálfsmynd og félagsþroska (sjá töflu 2). Öll voru sótt að starfsmönnum úr grunnskólum, en aðeins eitt þeirra af starfsmönnum leikskóla. Foreldrar og kennarar sóttu saman námskeið um kvíða. Ekki voru nefnd önnur dæmi um námskeið fyrir foreldra eða nemendur, t.d. um sjálfsmynd eða félagslega færni.

Tafla 2. Námskeið um líðan og heilsueflingu

Efni námskeiða	Þátttaka leiksk.stig	Þátttaka grsk.stig	Fjöldi þátttakenda
Íþróttir		X	Liggur ekki fyrir
Uppeldi til ábyrgðar		X	Liggur ekki fyrir
Kvíði barna og unglunga	X	X	40

Ráðgjöf kennsluráðgjafa skólaþjónustu virtist oft snerta hegðun nemenda. Lögð voru fram dæmi um hagnýt ráð í þeim efnum sem bæði leik- og grunnskólar fengu í hendur. Sálfræðingar hafa verið með fræðslu fyrir einstaka nemendur og nemendahópa, m.a. um kvíða, hegðunarvanda, reiðstjórnun og samskipti.

Í rafrænni könnun skólaþjónustu meðal skólastjórnenda vorið 2015 var margs konar starfsemi skóla nefnd sem snertir þetta markmið.

Rafræn könnun um líðan og heilbrigði nemenda var lögð fyrir nemendur í 5. bekk grunnskóla vorið 2015. Í skýrslu skólaþjónustunnar um niðurstöður kom fram að svör hefðu borist frá 93 nemendum í sjö grunnskólum, 52 stelpur og 41 strákur, en könnunin var lögð fyrir á skólatíma. Um 16% nemenda voru af erlendum uppruna. M.a. kom fram að tæplega 13% nemenda leið stundum eða aldrei vel í kennslustundum. Um 97% nemenda leið allaf eða oftast vel heima en 3% nemenda sögðu að þeim liði stundum ekki vel heima (bls. 2).

Í viðtölum við skólastjórnendur kom fram að alls staðar var með einhverjum hætti unnið að því að nálgast markmiðið um góða líðan og bregðast við upplýsingum um slæma líðan. Sagt var frá forvarnarstarfi og heilsueflandi starfsemi. Fjórir grunnskólanna eru þátttakendur í *Olweusar áætluninni gegn einelti*, en nánast í öllum skólunum voru nefnd dæmi um einelti, þegar spurt var um það. Fjórir grunnskólar og fimm leikskólar sögðust nýta sér aðferðir ART (e. Aggressive Replacement Training). Þær felast í ákveðnum viðbrögðum við óæskilegri hegðun og forvörnum með áherslu á félagsfærni, reiðistjórnun og siðferðilegar spurningar. Í tveimur grunnskólum var starfað eftir *Uppeldi til ábyrgðar* sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn barna og unglunga. *Skólapúlsinn*, sem er könnun sem lögð er fyrir nemendur um líðan o.fl., hafði verið lagður fyrir í a.m.k. þremur grunnskólanna og fram hafði komið að all nokkrum hluta nemenda líður ekki sem best. Í því sambandi var nefndur kvíði, pressa og álag.

Athygli vakti að á nokkrum stöðum var minnst á að erfitt væri að vera nýr nemendur á staðnum.

Sagt var frá útiveru, gönguferðum, útinámi, hollustu í mótuneytum og fleiru sem telja má til heilsueflandi þátta.

Athygli vakti að í sumum skólanna var mjög slæm hljóðvist, a.m.k. í hluta húsnæðisins. Það getur haft truflandi áhrif á börn og starfsmenn skólanna.

MAT: Greinilega er unnið að markmiðinu um líðan í skólunum og á vegum skólaþjónustunnar. Dæmi sem nefnd voru benda til að starfsmenn skólanna séu vel meðvitaðir um þennan þátt. Athygli vekur að allnokkrum hópi barna og unglunga líður ekki vel og einelti er til staðar. Ekki hefur fram að þessu að nokkru marki verið staðið að

námskeiðum fyrir nemendur t.d. með tilfinningaraskanir, kvíða, depurð eða slaka sjálfsmynd, og foreldra þeirra.

Sjá tillögur 3.a. til 3.c., bls. 16.

b) SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA

Markmið 2017: Samfella er í námi nemenda frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla. Átt er við að á skilum leik- og grunnskóla þekki kennarar til starfshátta og inntaks náms á hvoru skólastigi og taki mið af því við skipulag skólastarfsins. Í grunnskóla er byggt á þeim grunni sem barn ber með sér frá leikskóla og reynt að forðast óþarfa endurtekningu í náminu og í leikskóla er meðvitund um það sem koma skal í grunnskóla. Sama á við um skil milli grunn- og framhaldsskóla.

Í yfirliti yfir **námskeið** og fundi kom ekki fram að samfella skólastiga hefði verið sérstaklega á dagskrá, en segja má að sameiginleg námskeið fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla séu liður í frekari samfelli þessara skólastiga.

Í skýrslu um niðurstöður **könnunar** meðal skólastjóra kom fram (bls. 6) að aðeins tveir skólar virtust hafa samstarf um skólanámskrár og höfðu skipulagt heimsóknir kennara á milli skólastiga. Fimm skólar af 14 svöruðu því til að sameiginlegir fagfundir væru fyrir kennara grunn- og leikskóla. Jafnmargir sögðu að fyrir hendi væru sameiginleg verkefni nemenda á milli leik- og grunnskóla. Samstarfið virðist því í flestum skólunum fyrst og fremst snúast um heimsóknir nemenda en ekki ná inn í sjálft skólastarfið.

Viðtölin styðja þessar niðurstöður. Þar kom fram að í öllum skólunum var mjög vel staðið að kynningum á grunnskólanum fyrir elstu leikskólabörnin, oft margar heimsóknir í grunnskólann og tekið þátt í viðburðum þar. Í fjórum sveitarfélögum af sjö var sagt frá því að fimm ára börnin færu vikulega eða oftár á ákveðnu tímabili í grunnskólann og ynnu með grunnskólabörnum, s.s. í bóklegu og verklegu námi, stöðvavinnu og útinámi. Nokkuð virtist um að þetta samstarf væri þó meira á forsendum grunnskólans en leikskólans.

Fram kom í viðtölunum að kennaraheimsóknir milli skólastiganna eru almennt ekki orðnar hluti af daglegu starfi (sbr. könnun). Leikskólakennarar fara með fimm ára börnum í kynningarheimsóknir í grunnskóla, en svo er að sjá að grunnskólakennarar fari almennt ekki í leikskóla til að dvelja þar yfir skóladaginn og kynnast þar með leikskólastarfinu (sbr. niðurstöður könnunar). Eins og einn viðmælandi orðaði það: „Grunnskólinn sér ekki starfið hér innan dyra.“ Þó var sagt frá dæmi um að kennarar beggja skólastiga hittust reglulega, þótt heimsóknir grunnskólakennara í leikskóla væru ekki hluti þar af.

Á tveimur stöðum var sagt frá vinnu við sameiginlega námskrá fyrir elstu börnin í leikskóla og þau yngstu í grunnskóla.

Sagt var frá áhugverðri tilraun til að mynda samfelli í stærðfræðinámi frá leikskóla til grunnskóla. Fimm ára börnin unnu með efni úr fyrsta hefti af *Sprota* (1A) og í grunnskólanum var síðan haldið áfram með næsta hefti. Aftur á móti kom fram á einum stað að grunnskólinn gerði athugasemdir við það að leikskóli nýtti sér grunnskólaefni í stærðfræði (*Kátt er í Kynjadal*). (Sjá um samstarf í lestrarkennslu í næsta kafla.)

Samfella milli **grunn- og framhaldsskóla** var einnig á dagskrá. Nám í framhaldsskóla-áföngum sem val í grunnskóla er greinilega orðið fastur liður í starfinu. Í **könnun** skólaþjónustu meðal skólastjóra kom fram að allir nemendur eigi kost á því að stunda nám í einstökum áföngum framhaldsskóla sem hluta af grunnskólanámi. Þetta var staðfest í viðtölunum við skólastjórnenndur. Kennarar í grunnskólum hafa þekkingu á inntaki fyrstu áfanga í framhaldsskólum. En í viðtölum var kvartað yfir samskiptum við framhaldsskóla-

stigið að öðru leyti, þau væru algerlega á forsendum framhaldsskóla og fælust fyrst og fremst í kynningum á framhaldsnámi.

Nemendur voru í könnuninni sagðir fá fræðslu um námsval á framhaldsskólastigi, en sama átti ekki við um náms- og starfsráðgjöf. Aðeins í tveimur grunnskólum af sjö með unglingastig eru starfandi námsráðgjafar í hálfu starfi. Í þessu sambandi má minna á bréf frá menntamálaráðuneytinu til grunnskóla frá því í september á þessu ári um könnun á innleiðingu grunnskólalaga. Þar er skólum sem veita nemendum ekki aðgang að náms- og starfsráðgjafa bent er á að það samræmist ekki grunnskólalögum. Í lok bréfsins segir að ráðuneytið vænti þess að séð verði til þess að út því verði bætt á yfirstandandi skólaári.

MAT: Svo var að sjá að áhugi sé í skólunum og hjá skólaþjónustu á að styrkja samfellu milli leik- og grunnskólastigs þótt samfella í inntaki námsins á milli skólastiga, t.d. með sameiginlegri skólanámskrá, hafi ekki verið á dagskrá sem slík nema á einum eða tveimur stöðum (sjá um lestur hér síðar). Lýst var ýmiss konar samstarfi, t.d. um kynningar, en kennarar virtust almennt ekki vera að kynna sér starfið á hinu skólastiginu. Ekki liggur fyrir hvort grunnskólar byggja á niðurstöðum HLJÓM-2 við skipulag starfs 1. bekkjar en það væri ein leið til að efla samfellu í námi.

Nám í framhaldsskóla er kynnt fyrir nemendum, en þau fá ekki náms- og starfsráðgjöf nema í tveimur grunnskólanna. Samfella í inntaki náms á milli grunn- og framhaldsskóla var ekki á dagskrá.

Sjá tillögur 4.a. til 4.c., bls. 16.

c) LESTUR

Markmið 2017: Formlegt lestrarnám hefst í leikskóla og byggt er ofan á það í grunnskóla. Meginþorri barna þekkir bókstafina og hljóð þeirra við lok leikskóla. Á tímabilinu hafi meðaltal skólanna í lesskilningi á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk hækkað um að minnsta kosti 5% og meðaltal á HLJÓM-2 hækkað um að minnsta kosti 5%.

Mér virðist sem markmiðið um átak í lestri hafi fengið einna mest rými af markmiðunum fjórum í skólunum. Alls staðar var sagt frá einhvers konar þróunarstarfi til að bæta lestrarnámið. Það var greinilega átak í gangi og sums staðar samstarf milli leik- og grunnskólastigs í þeim efnum. Unnið var að lestrarstefnu í einstökum skólum, en í tveimur sveitarfélögum var þegar byrjað að vinna að samfelldri lestrarstefnu fyrir 1–16 ára. Fram kom í viðtali við kennsluráðgjafa að frá og með næstu áramótum yrði unnið að sameiginlegri námskrá og stefnu í lestrarmálum fyrir þessa aldurhópa í öllum sveitarfélögum undir handleiðslu skólaþjónustunnar. Þetta framtak mun væntanlega stuðla að samfellu í inntaki námsins.

Skólaþjónustan stóð fyrir fimm **námskeiðum** eða samráðsfundum á skólaárinu 2014–2015 um lestur í leik- og grunnskóla (sjá töflu 3).

Tafla 3. Námskeið um lestur

Efni námskeiða	Þátttaka leiksk.stig	Þátttaka grsk.stig	Þáttakendur alls
LOGOS, greining lesvanda allt frá 3. bekk		X (sérkennarar)	Liggur ekki fyrir
Lestrarkennsla í leikskóla	X		25
Samráðsfundur um sérkennslu	X	X	Liggur ekki fyrir
Börn m/sérþarfir – kennsla, umhverfi	X	X	Liggur ekki fyrir
PALS og K-PALS, félagalestur	X	X	20

Þjónustan tók saman **niðurstöður** úr prófi um hljóðkerfisvitund í leikskóla (HLJÓM-2) og úr læsissskimunum sem allir grunnskólarnir tóku þátt í (PISA; samræmd próf).

HLJÓM-2 er skimunarpróf sem mælir hljóðkerfisvitund og er ætlað 5 ára börnum eða þar um bil. Það var lagt fyrir öll 5 ára börn á svæðinu á skólaárinu 2014–2015. Niðurstöður voru þær að 38% sýndu góða færni, 48% meðalfærni, 6% slaka færni og 8% sýndu mjög slaka færni.

Í yfirliti um niðurstöður úr PISA má sjá að í fjórum stærstu skólum svæðisins eru 5 nemendur undir 1. þrepi í lesskilningi. Flestir eru á 1.-3. þrepi. Aðeins þrír eru á 5. þrepi (hæsta þrepinu) (ath. ekki er unnt að nálgast niðurstöður PISA og samræmdra prófa úr fámennum skólum hjá Menntamálastofnun).

Í niðurstöðum um lesskilning á samræmdum prófum í 10. bekk í þessum fjórum skólum á árunum 2010–2014 kemur fram að hlutfall nemenda sem ekki voru taldir lesa sér til gagns sveiflaðist allmikið milli ára og mjög misjafnlega milli þessara skóla. Það var frá því að vera í núlli eitt árið í einum skólanum upp í um 50% í öðrum, en meðaltalið var 18%. Sömu ár voru 23% nemenda á landinu öllu talin í hópi þeirra sem ekki gátu lesið sér til gagns.

Í viðtölum við kennsluráðgjafa var sagt frá skipulögðum lesskimunum í 5. og 9. bekk með skimunarprófinu LOGOS haustið 2015 sem lið í því að fullnægja markmiðinu um læsi (einnig kynntar glærur þar um). Haldinn var á vegum skólaþjónustunnar vinnudagur að Flúðum í júní 2015 þar sem útbúinn var æfingapakki og eftirfylgd skipulögð. Sent var bréf til foreldra frá skólunum til að kynna verkefnið. Skimun í 9. bekk fór fram í vikunni 28. sept.–2. okt. og í 5. bekk í vikunni 12–16. október 2015. Hún var í höndum sérkennara.

Eftirfylgninámskreið: Þeir nemendur sem eru undir mörkum hvað varðar lesfimi, lesskilning og stafsetningu (áhættuhópur) fóru á 8 vikna námskeið sem skipulagt var af læsishópi svæðisins. Það var byggt upp þannig að nemendur lásu a.m.k. fjórum sinnum í viku í skólanum þrjár mínútur í senn og jafnfram lögð áhersla á heimalestur með sama fyrirkomulagi. Að loknu námskeiði var skimað að nýju og niðurstöður kynntar foreldrum. Ef nemendur voru enn undir viðmiðunarmörkum fóru þeir í frekara greiningarferli.

Kennsluráðgjafar skólaþjónustu halda utan um árangur verkefnisins og vinnu í læsishópi. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir framkvæmdinni í hverjum skóla.

Allir grunnskólarnir voru sagðir nýta sér *Leið til læsis* sem er stuðningskerfi í lestrarkennslu, ætlað kennurum á yngsta stigi grunnskóla (1.-4. bekkur). Það gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í 1. bekk og fylgja þeim síðan eftir. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika barnanna í þessum efnum og nemendur sem gætu verið í áhættuhópi.

Í niðurstöðum **könnunar** meðal skólastjóra vorið 2015 kom fram að samvinna um lestrarnám nemenda á milli leik- og grunnskóla væri í fimm skólum af 14 og þrír af 14 svöruðu því til að í skólanum væri virk lestrarstefna (bls. 7).

Í **viðtölum** við skólastjórnendur mátti heyra að þeir tóku alvarlega það hlutverk sitt að hafa forystu um formlega lestrarstefnu skólans. Nefnd voru dæmi um áherslu á yndislestur, snemmtæka íhlutun, sér- og stuðningskennslu, kennsluáðferðir og samfellu í lestrarnámi milli leik- og grunnskóla. Einnig voru nefnd dæmi um aðgerðir fyrir nemendur sem komu illa út í lesskimun, s.s. nokkra vikna námskeið í kjölfarið og hvatningu skóla til foreldra um að lesa með börnunum og fyrir þau heima (sbr. hér ofar). Ekki voru nefnd dæmi um samstarf við bókasöfn þar um (sbr. efni í markmiðum).

Leikskólastjóri fagnaði því í viðtali að læsishugtakið væri nú komið inn í leikskólann og farið væri að tala um leikskólalæsi. Greinilega er mikið unnið með rím, þulur og tákni með tali í leikskólunum. Sumir sögðust t.d. vinna með *Ljáðum mér eyra*, sem er spil til undirbúnings lestrarnáms og *Lubbi finnur málbein* þar sem íslensku málhljóðin eru í brennidepli, svo dæmi

séu tekin. Allir leikskólarnir meta nú fimm ára börn með HLJÓM-2 að hausti og liggja nú fyrir niðurstöður frá því sl. vor (sjá hér framar), en fram kom í máli nokkurra viðmælenda í leikskólum að grunnskólakennarar þekktu tækið e.t.v. ekki nógu vel og gætu þar af leiðandi ekki nýtt sér niðurstöður þess.

Ekki voru nefnd dæmi um að stafabekking barna við lok leikskóla væri skráð. Fram kom hjá leikskólastjóra að leikskólakennarar forðuðust að nota orðið „kennsla“ og „innlög“ um aðferðir sínar í starfi: „Það er ekki lestrarkennsla hér, heldur hljóðkerfisþjálfun. Við erum ekki að þrýsta á börn ef þau hafa ekki áhuga.“

MAT: Mikil gróska virtist í viðleitni skólanna og skólaþjónustu til að vinna að markmiðinu um læsi og margt í gangi í þeim efnum – sem bendir til vilja til að taka af alvöru á málinu og fylgjast með framförum, s.s. með stefnumörkun og nýtingu á *Leið til læsis* og þátttöku í mati með LOGOS skimuninni. En ljóst er að talsverð vinna er framundan til að efla læsi, þ.m.t. hljóðkerfisvitund, málþroski, orðaforði, leshraði og lesskilningur, sbr. niðurstöður úr HLJÓM-2 og skimunum. Í framhaldi af orðum leikskólastjóra um að ekki sé þrýst á börn sem ekki hafa áhuga á lestri vaknar spurningin: Hvenær á inngrip að hefjast?

Sjá tillögur 5.a. og 5.b., bls. 17.

d) EINSTAKLINGSMIÐAÐ NÁM OG NÝTING TÖLVUTÆKNI

Markmið 2017: Stigin hafa verið markviss skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda í öllum skólunum og upplýsingatæknin samþætt öllu námi.

Einstaklingsmiðað nám:

Einstaklingsmiðað nám er skilgreint þannig að með því sé leitast við að haga námi og kennslu í sem fyllstu samræmi við stöðu nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Nemendur fáist við ólík viðfangsefni eftir stöðu og áhuga í náminu, hafi áhrif á nám sitt og eigi valmöguleika (sjá frekari skilgreiningu í fylgiskjali).

Markmiðið um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda var kannski það af markmiðunum fjórum sem virtist hafa fengið minnsta umfjöllun sem slíkt. Skólaþjónustan stóð fyrir sjö **námskeiðum** sem e.t.v. má fella undir þetta markmið og voru tvö þeirra í sviði tölvutækni (sjá töflu 4). Til viðbótar voru leiddir saman kennarar í ákveðnum námsgreinum undir handleiðslu ráðgjafa til að vinna að sameiginlegri skólanámskrá í stærðfræði, íslensku og íþróttum, en ekki er þar með sagt að áherslur einstaklingsmiðaðs náms hafi verið þar í brennidepli. Minnt er á að í leiðum að einstaklingsmiðuðu námi er m.a. talað um samkennslu árganga, teymisvinnu kennara, útikennslu, samvinnu nemenda, nám í samræmi við stöðu, styrkleika og áhugasvið nemenda, innleiðingu vinnu með einstaklingsáætlanir og tengsl við grenndarsamfélagið.

Ekki hafa því enn verið skipulögð námskeið eða starfsdagar í skólum þar sem einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda er í brennidepli.

Tafla 4. Námskeið á sviði einstaklingsmiðaðs náms og tölvutækni

<i>Efni námskeiða</i>	<i>Þátttaka leiksk. stig</i>	<i>Þátttaka grsk. stig</i>	<i>Þátttaka alls</i>
Námsmat		X	38
Kennsla og skipulag skólastofu	X	X	25
UT fyrir kennara		X	Liggur ekki fyrir
List og verk, sjálfbærni		X	Liggur ekki fyrir
Kennsla og skipulag skólastofu		X	17
Útikennsla	X	X	10
Snjalltæki í tungumálakennslu		X	Liggur ekki fyrir

Í **könnun** meðal skólastjóra var spurt um einstaklingsmiðað nám. Í skýrslu um niðurstöður (bls. 7) segir: „Markmiðið um einstaklingsmiðað nám og nýtingu tölvutækni virðist vera í nokkuð góðum farvegi.“ Ekki verður séð á hverju þetta mat er byggt, en ætla má að tekið sé mið af svörum skólastjóranna. Í þessu sambandi ber að athuga að ekki liggur ljóst fyrir hvernig hver og einn skilgreinir þetta hugtak.

Í **viðtölum** við skólastjórnendur var spurt um skref í átt að einstaklingsmiðuðu námi. Erfitt er að meta stöðuna út frá svörunum. En af þeim má þó ráða að í minnstu grunnskólunum sé einstaklingsmiðun e.t.v. komin lengra en í þeim stærri. Þar er gjarnan blandað árgöngum sem kallar á einstaklingsmiðun að ákveðnu marki. Sama má segja um teymiskennslu. Í einum grunnskóla var lýst teymiskennslu á unglíngastigi þar sem tveir kennarar eru saman um kennsluna í 17 tíma á viku. „Það er allt annar skólabragur eftir það ... liðan betri og félagstengsl ... vinskapur hefur myndast [sem ekki var áður] ...“, sagði skólastjórinn. Í einum skóla hafði verið gerð tilraun með einstaklingsáætlanir nemenda og í öðrum höfðu nemendur sett sér markmið sem þau koma með í foreldraviðtöl. Einum skólastjóranna varð að orði: „En það vantar orðræðuna um einstaklingsmiðað nám,“ – sem trúlega eru orð að sönnu.

Í leikskóla var sagt frá flæði barnanna milli svæða starfsmanna að þeirra vali. Í öðrum fóru fram uppeldislegar skráningar sem geta stuðlað að einstaklingsmiðun.

Upplýsinga- og samskiptatækni:

Aðspurðir um upplýsinga- og samskiptatækni í **könnun** meðal skólastjóra svöruðu tveir því til að í skólum þeirra væri ekki þráðlaust net. Þá hafa nemendur í þremur skólum ekki aðgang að tölvum og í tveimur skólum eru ekki til spjaldtölvur til að nýta í kennslunni (bls. 7-8).

Í **viðtölunum** voru tæknimálin sögð í sémilegu lagi í flestum skólanna, sums staðar hafði nýlega verið gert átak í þeim efnum og net opnað, en annars staðar var verið að vinna í málinu.

MAT: Ekki virtist vera umfamsmikið átak í gangi til að stuðla að einstaklingsmiðuðu námi, hvorki í skólunum né á vegum skólaþjónustu, og átak um samvinnu nemenda var hvergi nefnt. Ýmsir þættir voru þó nefndir sem stuðlað geta að einstaklingsmiðun og samvinnu nemenda en fókusinn virtist ekki skýr. Tekið er undir orð skólastjóra um að orðræðu um einstaklingsmiðað nám skorti.

Tölvubúnaður var á flestum stöðum all nokkur, en ekki liggur fyrir hvernig hann var nýttur.

Sjá tillögur 6.a. til 6.c., bls. 17.

III. Samantekt og tillögur

Markmið þessa ytra mats var að meta og draga upp mynd af því hvernig miðað hefur að ná þeim markmiðum sem sett voru við upphaf skólaþjónustunnar, bæði hvað varðar þjónustuna sjálfa og sameiginleg markmið skóla og skólaþjónustu. Aðeins er liðið rúmlega eitt og hálf á síðan þjónustan fór af stað og greinilega mikið verið gert á stuttum tíma.

1. Yfirstjórn skólaþjónustu

Verkaskipting á milli NOS og skólaþjónustu- og velferðarnefndar er ekki alls kostar skýr, sbr. hér framar. Ljóst er að NOS ber ábyrgð á þjónustunni og fjárframlögum til hennar (rekstur, fjárhagsáætlun, ráðningar og skipun aðila í skólaþjónustu- og velferðarnefnd). Skólaþjónustu- og velferðarnefnd hefur skilgreint hlutverk hvað varðar velferðarmálin, en svo virðist sem hlutverk vegna skólaþjónustu liggja ekki alveg ljóst fyrir.

1.a. Tillaga um yfirstjórn skólaþjónustu: Lagt er til að hlutverk skólaþjónustu- og velferðarnefndar hvað varðar skólaþjónustu verði skilgreint sem stefnumörkunar- og

eftirlitshlutverk. Nefndin kemur þá með tillögur að stefnumörkun þegar það á við, t.d. um að unnið verði að nýjum markmiðum eftir 2017 og um breytingar á markmiðum þjónustunnar eða einstökum þáttum hennar, ef við á. Lokaákvörðun er síðan tekin á vegum NOS og í einstökum sveitarstjórnnum. Eftirlitshlutverkið á stöðugt við og er mjög mikilvægt. Lagt er til að nefndin geti óskað eftir upplýsingum um ákveðna þætti í þjónustunni (þó ekki persónuleg mál) og að starfsmenn veiti að eigin frumkvæði reglubundnar upplýsingar til nefndarinnar um árangur starfsins.

1.b. Tillaga um umræðu um hlutverk skólanefnda: Lagt er til að umræða fari fram um hlutverki skólanefnda sveitarfélaga og sveitarstjórna hvað varðar hlut þeirra í yfirstjórn skóla, t.d. á vegum skólaþjónustunnar og NOS. Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla er hlutverk skólanefnda fyrst og fremst á sviði stefnumörkunar og eftirlits, en snertir ekki framkvæmd daglegs skólastarfs. Hlutverk sveitarstjórna snýr einkum að fjármögnun, fjárhagsáætlunum, ráðningu skólastjóra og húsnæðis- og tækjamálum, að ógleymdri ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sem allt bendir til að sveitarfélög í Árnesþingi hafa leyst á farsælan hátt.

2. Starfshættir skólaþjónustu

Í stuttu máli er mat mitt að starfsmenn skólaþjónustunnar hafi í starfi sínu fylgt þeim markmiðum sem sett voru. Áhersla þeirra er greinilega á að styrkja skólana í starfi, nánar tiltekið að styrkja þá til sem mestrar sjálfbærni. Bæði frásagnir skólastjórnendanna og gögn um starfsaðferðir skólaþjónustunnar eru grunnurinn að þessu mati. Ekkert dæmi var nefnt um að starfsmenn skólaþjónustu „tækju málin í sínar hendur“ eða væru að stjórna starfsmönnum skólanna. Ljóst er að sálfræðiþjónustan var í byrjun undir væntingum hvað varðaði hraða á viðbrögðum við beiðnum, en mikil ánægja með þjónustuna sem slíka. Nú hefur verið bætt úr þessu með ráðningu annars sálfræðings og því þess að vænta að meiri tími gefist til forvarnarstarfs.

Námskeiðstilboð skólaþjónustu falla að sameiginlegu markmiðunum. En svo er að sjá að samfella í inntaki náms og viðfangsefnum milli leikskóla- og grunnskólastigs og framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms hafi helst orðið útundan.

2.a. Tillögur um starfshætti skólaþjónustu: Starfsmenn haldi áfram á sömu braut.

Lagt er til að unnið verði markvisst að því að greiningar sem unnar eru af sálfræðingum eða ráðgjöfum séu nýttar í skólunum. Lykilatriði er að farið sé eftir ráðgjöf kennsluráðgjafa og greiningum og ráðgjöf sálfræðinga. Þetta er verkefni skólanna og skólaþjónustunnar.

2.b. Tillaga vegna vanda í starfsmannamálum: Lagt er til að gerður verði formlegur samningur við aðila eða fyrirtæki um að koma að lausn starfsmannamála þegar þörf krefur. Varað er við að kennsluráðgjafar sinni vanda sem upp kemur í starfsmannahópum.

2.c. Tillaga um námskeiðahald til að fullnægja markmiðum: Haldin verði námskeið fyrir kennara þar sem umfjöllunarefnið er m.a.:

- a) Framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms; sjálfstæði og sjálfræði nemenda, lýðræðislegt starf í skólastofunni; einstaklingsáætlanir; „alvöru“ samvinna; „alvöru“ umræður.
- b) Skil skólastiga, t.d. samfella í náminu; samvinna um skólanámskrá fyrir 5 og 6 ára börn; þátttaka 5 ára barna í starfi í 1. bekk grunnskóla (eins og víða er, en ekki alls staðar) og heimsóknir kennara milli skólastiga.

2.d. Tillaga um fundi skólastjóra: Lagt er til að gerð verði tilraun með tilfallandi sameiginlega fundi fyrir stjórnendur beggja skólastiga, sbr. ósk þar um (t.d. einu sinni til

tvisvar á ári). Það getur stuðlað að markvissari þekkingarmiðlun milli skólastiganna og auknu samstarfi frá því sem nú er.

3. Markmið um líðan og heilbrigði

Ljóst er að bæði starfsmenn skólaþjónustu og skólanna eru meðvitaðir um markmiðið um líðan og heilbrigði og hafa unnið að því að einhverju marki. En það örlaði á óvissu um möguleika í þessum efnum og sagt var frá vanlíðan (sbr. könnun), einelti og erfiðleikum við að koma nýr í skóla eða sveitarfélag.

3.a. Tillaga um markmiðið um líðan og heilbrigði: Lagt er til að skólaþjónustan skilgreini þetta markmið nokkru nánar og setji fram tillögur eða lista yfir þætti sem skólarnir gætu sinnt í þessum efnum hvað snertir nemendur og starfsmenn, jákvæðan skólabrag almennt og jákvæðni í grenndarsamfélaginu. Þess er jafnframt vænst að með tilkomu annars sálfræðings verði meiri möguleikar á forvarnarstarfi af sálfræðinganna hálfu í samvinnu við kennsluráðgjafana, s.s. námskeið um jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og líðan fyrir kennara, nemendur og foreldra – allt gert í þeim tilgangi að bæta líðan (sbr. niðurstöður um slæma líðan í skólanum meðal allt að 13% nemenda). Æskilegt er að nemendaviðtöl um framgang námsins og líðan séu reglubundinn hluti af námsframvindu hvers og eins nemanda.

3.b. Tillaga um aðbúnað sem snertir líðan: Lagt er til að hljóðvist skólanna verði mæld og brugðist við þar sem henni er ábótavant.

3.c. Tillaga um samskipti nemenda milli skóla: Sem lið í góðri líðan og í framhaldi af umræðu um hvernig er að koma nýr í skóla eða á nýjan stað er lagt til að stuðlað verði að einhvers konar blöndun nemenda á milli skólanna, einkum hvað varðar unglíngastigið. Víða er það mjög fámennt og því eiga unglíngarnir í raun lítið val um félag. Því væri hollt og trúlega kærkomið meðal þeirra að hitta fleiri en bekkjarfélagana. Þetta á jafnt við um námið, námsferðir og skemmtanir. Nefnt var í viðtölum dæmi um slíkt samstarf milli tveggja skóla.

4. Markmið um samfellu milli skólastiga

Markmiðið um samfellu í námi milli leik- og grunnskóla var greinilega ofarlega í hugum viðmælenda. Vel er staðið að kynningum á grunnskólanum fyrir leikskólabörn, en nokkuð misjafnt var hversu mikinn þátt 5 ára börn tóku í starfi grunnskólans sem hluta af þessum kynningum. Dæmi voru um fyrirmyndarútfærslur í þessum efnum sem tilefni er til að breiða út vitneskju um. Aftur á móti hafði lítið verið gert til að mynda samfellu í náminu sjálfu, en þó voru nefnd áhugaverð dæmi um samfellu í stærðfræði og lestrarnámi. Fyrir liggur að unnið verði að sameiginlegri læsisstefnu fyrir elstu börnin í leikskólunum og yngstu börnin í grunnskólunum á næsta ári.

4.a. Tillaga um markmiðið um samfellu milli leik- og grunnskólastigs: Unnin verði sameiginleg skólanámskrá sem nær til allra sviða námsins fyrir elstu börnin í leikskólunum og yngstu börnin í grunnskólunum í hverju sveitarfélagi eða sameiginlega fyrir fleiri sveitarfélög. Vinna við sameiginlega læsisstefnu verði nýtt sem grunnur að því verki. Mikilvægt er að í þessu starfi verði inntak námsins og aðferðir í brennidepli. Lagt er til að heimsóknir grunnskólakennara í leikskóla (dvöl í heilan skóladag) verði liður í þessari vinnu, svo og heimsóknir leikskólakennara í kennslustundir í grunnskóla.

4.b. Tillaga um samfellu milli grunn- og framhaldsskóla: Lagt er til að komið verði á viðræðum við framhaldsskólana á svæðinu um kennsluhætti og inntak námsins á skilum skólastiganna. Samfella milli náms í grunnskóla og framhaldsskóla myndast að einhverju marki við það að nemendur eiga þess kost að taka framhaldsskólaáfangana í grunnskóla, en ljóst er að umræðu milli kennara á þessu stigum skortir.

4.c. Tillaga um náms- og starfsráðgjafa: Lagt er til að grunnskólar standi saman að ráðningu náms- og starfsráðgjafa sem færi milli skólanna og starfaði í sama skólanum t.d. í viku í senn (sbr. ákvæði í 3. málsgrein 13. greinar grunnskólalaga um rétt nemenda til slíkrar þjónustu).

5. Markmið um lestur

Eins og að framan greinir virtist vera unnið markvisst að markmiðinu um lestur í öllum skólunum, miðað við aðstæður á hverjum stað, og lagðar eru fyrir reglubundnar skimanir í lestri. Minnt er á lengingu skóladags bæði í leikskólum og grunnskólum í kringum síðustu aldamót. Leikskólinn varð heilsdagsskóli fyrir nær öll börn í fjögur ár en hafði áður almennt verið fyrir lítinn hóp barna hálfan daginn. Jafnframt lengdist skóladagurinn og skólaárið í grunnskólum sem nam um tveimur skólaárum, ef kennslustundir fyrir og eftir lenginguna eru taldar. Þessi lenging á báðum skólastigum hefur orðið til þess að inntak náms og námsefni hefur rekið niður skólakerfið, frá grunnskóla niður í leikskóla, frá framhaldsskóla niður í grunnskóla og frá háskóla niður í framhaldsskóla.³

5.a. Tillaga um markmiðið í lestri: Lagt er til að við skipulag lestrarnáms allt frá undirbúningi þess eða frá 1. stigi lestrarnáms verði tekið mið af fyrrnefndu reki. Það getur orðið til þess að formlegt lestrarnám og einkum inngríp vegna þeirra sem dragast aftur úr byrji fyrr en tíðkast hefur fram að þessu.

5.b. Tillaga um nýtingu á skimunum: Minnt er á forspárgildi hljóðkerfisprófsins HLJÓM-2. Niðurstöður rannsókna hafa leitt í ljós tengsl niðurstaðna úr því við niðurstöður um læsi á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla.⁴ Gagnlegt gæti verið að leikskólakennarar aðstoðuðu grunnskólakennara við að lesa úr HLJÓM-2 og nýta niðurstöðurnar í skipulagi náms 1. bekkinga. Mælt er með inngrípi á síðasta ári í leikskóla vegna barna sem sýna slaka útkomu á prófinu (um 14%). Með sama hætti verði markvisst nýttar niðurstöður úr *Leið til læsis* og LOGOS í grunnskóla.

6. Markmið um einstaklingsmiðað nám og nýtingu tölvutækninnar

Svo virtist sem markmiðið um einstaklingsmiðað nám hafi ekki fengið mikla athygli fram að þessu eða að skilgreiningar á því væru á reiki. Því gat verið að margs konar þróunarstarf sem ekki var beinlínis um einstaklingsmiðun væri flokkað þar undir.

6.a. Tillaga um markmiðið um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda: Lagt er til að skólajónustan beiti sér fyrir sameiginlegum skilningi á hugtakinu (styðjast má við skilgreiningu í fylgiskjali). Nám í samræmi við stöðu, styrkleika og áhugasvið nemenda er meginsteifið í þessum efnunum. Jafnframt eru einstaklingsáætlanir sem nemendur vinna í samvinnu við kennara sína og foreldra mikilvægur liður í slíkum vinnubrögðum. „Alvöru“ samvinna nemenda á þeirra forsendum felst í að nemendur þurfa að ræða saman, velta fyrir sér lausnum í sameiningu og vinna saman að þeim. Samvinna sem felst í því að nemendur skipta með sér verkum strax í upphafi felur e.t.v. ekki í sér neina samvinnu í raun. Leita má eftir aðstoð til skóla sem komnir eru lengst í þessum efnunum.

6.b. Tillaga um áherslu á teymiskennslu: Lagt er til að skólajónustan kynni með markvissum hætti framkvæmd og kosti teymiskennslu. Vakin er athygli á því að teymiskennsla, þ.e. þegar tveir kennarar eða fleiri kenna hópi nemenda saman, virðist vera eitt besta tækið til að mynda aðstæður fyrir einstaklingsmiðun. Í niðurstöðum

³ Sjá bókina *Skil skólastiga – frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*, útg. af Háskólaútgáfunni 2012.

⁴ Sjá Jóhanna T. Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska: frá leikskólaaldri til fullorðinsára. *Netla* vef tímarit.

rannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum* sem lýst í er í nýútkominni bók⁵ kom fram margir kostir teymiskennslu. Í teymiskennsluskólum var meiri starfsánægja en annars staðar, meiri umræða um álitamál í starfinu, meira um þróunarstarf og meiri ánægja með stjórnendur. Síðast en ekki síst kom fram að talsvert algengara var í teymiskennsluskólum en bekkjarkennsluskólum að viðhöfð væru vinnubrögð sem falla undir einstaklingsmiðað nám, s.s. að nemendur fengju að velja sér viðfangsefni eftir áhugasviðum, ynnu saman í hópum að viðfangsefnum og stýrðu vinnu sinni.

6.c. Tillaga um nýtingu tækninnar: Segja má að skólar hér á landi og annars staðar séu á byrjunarreit í nýtingu tækninnar í námi, en víða er verið að stíga skref í þeim efnum. Þau eru gjarnan til þess að styðja við hefðbundna kennsluhætti (s.s. glærur með fyrirlestrum, verkefnum skilað á neti eða leitað að upplýsingum á neti í stað bóka). Því er lagt til að gefinn verði gaumur að tilraunum skóla til að *útvíkka* eða jafnvel *umbreyta* námi og kennslu með nýtingu tækninnar.⁶ Til þess að unnt sé að nýta markvisst tölvutækni í skólastarfinu er nauðsynlegt að hafa aðgang að þráðlausu neti.

Hér í lok umræðu um markmiðin fjögur eru skólarnir hvattir til að halda fundi með foreldrum um markmiðin og hlut foreldra til að nám þeim (sbr. ákvæði um ábyrgð foreldra hvað snertir hvert þeirra). Jafnframt er því beint til skólaþjónustunnar að kynna markmiðin sérstaklega fyrir nýjum skólastjórum. Þau voru samþykkt af öllum sveitarstjórnunum sjö fyrir alla skólana á svæðinu til að vera leiðarljós þeirra í starfi til ársins 2017.

Lokaorð

Þetta ytra mat á skólaþjónustu Árneshöfna fyrsta eina og hálfu ár starfsins bendir til marvissra vinnubragða og mikillar ánægju með starfseminu. Það er gleðiefni og ætti að vera yfirstjórn hennar gott veganesti í framhaldinu. Undirstrikað er að ekki er unnt „að gera allt“ á einu og hálfu ári og metnaðarfullar áætlanir í farvatninu.

Bæði starfsmenn skólaþjónustunnar og stjórnendur skólanna eru vel meðvitaðir um markmiðin fjögur. Allt bendir til að þau séu raunhæf og mikill vilji er til að vinna að þeim.

Þetta ytra mat á skólaþjónustu og framkvæmd sameiginlegra markmiða getur einnig komið yfirstjórnnum skólanna í einstökum sveitarfélögum í Árneshöfna að gagni við að gera gott skólastarf enn betra í skólum sínum.

⁵ *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*, útg. af Háskólaútgáfunni 2014.

⁶ Sjá kafla XI um upplýsingatækni í bókinni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*.

Fygliskjal

Einstaklingsmiðað nám – skilgreining úr bókinni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*, bls. 323.

Bein tilvitnun:

„Hugtakið einstaklingsmiðað nám hefur verið skilgreint með margvíslegum hætti (Ingvar Sigurgeirsson, 2005). Aðstandendur þessarar rannsóknar ákváðu að taka mið af lýsingu á einstaklingsmiðuðu námi í matstæki sem unnið var hjá Reykjavíkurborg árið 2005 af hópi skólalæra og starfsmanna á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (sbr. I. kafla). Matstækið samanstendur af viðmiðum um sex meginþætti í skipulagi starfsins og var ætlað til að meta þróun frá hefðbundnum starfsháttum sem viðhafðir voru í skólum mest alla 20. öldina yfir í það sem höfundar þess sáu fyrir sér sem skóla 21 aldarinnar – með áherslu á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda (sjá fylgiskjal, kafla I og hér síðar kafla XII.2). Rökin voru þau að hefðbundnir starfshættir, sem einkennast af stýringu kennara, kynningu á námsefni og hópkenndu, væru ekki í takt við þróun samfélagsins. Höfundar matstækisins töldu að í upphafi 21. aldar myndi skólinn fylgja samfélagsþróuninni með því að leggja áherslu á stöðu hvers og eins, sköpunarkraft, áhrif nemenda á nám sitt, mikla samvinnu og öflun og nýtingu upplýsinga – þættir sem ekki voru í brennidepli við skipan skólalæra í iðnaðarsamfélagi fyrri tíma (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006; munnleg heimild 2013). Þannig var í raun litið á hefðbundna kenndu og einstaklingsmiðað nám sem andstæð hugtök. Hugtakið einstaklingsmiðað nám er ekki vel skilgreint í íslenskir skólamálaumræðu. Það skapar vissan vanda. Í hugum margra er það mun þrengra en fram kemur í matstækinu frá 2005 og skilgreiningunni sem höfundar þessarar bókar styðjast við. Þetta birtist til dæmis í viðtölum við kennara þegar orðum var beint að einstaklingsmiðuðu námi. Þá nefndu þeir gjarnan einstaklingskenndu, sérkenndu, flokkun nemenda í hópa eftir getu eða einstaklingsvinnu nemenda til dæmis í vinnubækur. Öðrum getur þótt hugtakið of vítt og telja það ná yfir kennduþætti sem taka lítið sem ekkert mið af þörfum einstakra nemenda.

Í skilgreiningu á einstaklingsmiðuðu námi í þessari bók er áhersla á eftirfarandi þætti: ólík viðfangsefni nemenda eftir stöðu og áhuga í náminu, gjarnan innan sama þema; sjálfstæði, valmöguleika og áhrif og ábyrgð á framgang námsins; skipulagða samvinnu nemenda; nýtingu upplýsingatækni og loks einstaklingsáætlanir sem nemendur gera í samvinnu við kennara og foreldra og byggðar eru á upplýsingum um framvindu námsins, meðal annars úr stöðugu mati kennara, nemandans og foreldra (sjá einnig I. kafla). Í bókinni er hugtakið einstaklingsmiðað nám því einskonar samnefni fyrir margvíslegar hugmyndir sem eru af ólíkum rótum runnar. Skilgreiningin felur í sér höfuðáherslu á að taka mið af stöðu hvers og eins eða laga nám að stöðu ólíkra nemenda (sbr. Lög um grunnskóla frá 2008). Jafnframt tengist hún hugtökum eins og nemendastýringu og sjálfræði nemenda (Deci og Ryan, 1987; Thanasoulas, 2000), valdeflingu (Harvey og Burrows, 1992) eða að taka tillit til radda nemenda um námið sem vísar til möguleika þeirra á að hafa áhrif á eigið nám (Fielding, 2006; Rudduck, 2003). Einnig felur skilgreiningin í sér hugmyndir um nám sem félagslegt ferli, þar sem byggt er á samvinnu nemenda jafnt sem einstaklingsbundinni reynslu (Roseth, Johnson og Johnson, 2008). En ekki síst felur hún í sér áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð (Wolfgang Edelstein, 2008) sem bæði taka til samvinnu nemenda og áhrifa þeirra á nám sitt. Loks tekur skilgreiningin til leiðsagnarmats, upplýsingamiðlunar og nýtingar upplýsinga.“

Árið 2005 kom út á vegum Reykjavíkurborgar *Matstæki um einstaklingsmiðað nám*.⁷ Það er nú í endurskoðun og verður gefið út á næstunni í breyttri mynd.

⁷ <http://reykjavik.is/matstaeki-um-einstaklingsmidad-nam-2005>